

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

318. fundur

Föstudaginn 13. mars 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 10:30.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI) sem mætti kl. 11:00

Björg Fenger var á fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Kynning á ferðavenjukönnun.
2. Ársreikningur 2019, Sturla Jónsson frá GrantThornton
3. Innri endurskoðunaráætlun, Sif Einarsdóttir frá Deloitte.
4. Markmið í öryggismálum.
5. Vinnustaðagreining.
6. Kjarasamingur við Sameyki.
7. Önnur mál.
 - a. Staðan á akstursþjónustu fatlaðs fólks.
 - b. Breytingar á lögum um vsk.

Tekið fyrir:

1. Kynning á ferðavenjukönnun 2019

Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kom á fundinn og kynnti niðurstöður síðustu ferðavenjukönnunar. Hlutdeild Strætó í ferðum sem farnar er á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað úr 4% í 5% frá síðustu könnun. Stjórn SSH var einnig boðið á kynninguna en boðið var upp á að tengja sig í gegnum fjarfundarbúnað.

2. Ársreikningur 2019

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2019.

Sturla Jónsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2019.

Sigrún Guðmundsdóttir, nefndarmaður endurskoðunarnefndar Strætó, kynnti umsögn nefndarinnar um ársreikning Strætó bs 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.

3. Innri endurskoðun

Lagt fram erindisbréf og innri endurskoðunaráætlun fyrir árið 2020 ásamt bréfi frá endurskoðunarnefnd Strætó. Stjórn samþykkir framlagða endurskoðunaráætlun. Sif Einarsdóttir innri endurskoðandi og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd Strætó sátu fundinn undir þessum lið. Stjórn heimilar stjórnarformanni að undirrita erindisbréf vegna innri endurskoðunar.

4. Markmið í öryggismálum

Sigríður Harðadóttir mannauðs- og gæðastjóri Strætó kynnti stöðu og markmið Strætó varðandi öryggismál.

Undir þessum lið var farið yfir viðbrögð Strætó vegna Covid-19 veirunnar.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að takmarka tímabundið aðgang farþega inn um framdyr vagnanna til að draga úr líkum á smiti gagnvart vagnstjórum. Áfram þarf að borga fargjald í strætó.

Í framhaldinu mun reglulega vera farið yfir þróun tekna.

5. Kjarasamningur við Sameyki.

Kjarasamningur Sameykis við Strætó dagsettur 5. mars 2020 var lagður fyrir stjórn Strætó til samþykktar. Kjarasamningurinn byggir á forsendum lífskjarasamningsins sem gerður var á síðasta ári.

Stjórn samþykkir kjarasamninginn.

6. Önnur mál

- a) Staðan á akstursþjónustu við fatlað fólk. Verið er að leggja lokahönd á útboðsgögn. Búið er að undirrita þjónustulýsingu, þjónustureglur og samning Strætó við Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Jafnframt eru búið að skipa í stjórn akstursþjónustunnar.
- b) Fyrirhugaðar breytingar á lögum um vsk. Fyrirhugað er að afnema vsk undanþágu Strætó af aðkeyptum akstri vegna almenningsamgangna frá og með 1. janúar 2021. Verið er að meta áhrif þess á kostnað Strætó bæði vegna reksturs almenningsamgangna og akstursþjónustu við fatlað fólk. Framkvæmdastjóra falið að gæta hagsmuna félagsins í þessu máli.

Fundi slitið: kl. 13:08

Fylgiskjöl:

- [Ársreikningur Strætó bs. 2019.](#)
- [Kynning á ársreikningi 2019.](#)
- [Markmið í öryggismálum.](#)
- [Kjarasamningur við Sameyki.](#)

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson